

Ár 2002, miðvikudaginn 29. maí, var af Yfirfasteignamatsnefnd í málinu nr. 9/2002 kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Með bréfi dags. 12. febrúar 2002 kæra Ólafur R. Rafnsson, kt. 110573-5029, og Þórunn Hjaltadóttir, kt. 210877-3049, ákvörðun Fasteignamats ríkisins þann 20. desember 2001 varðandi endurmat á fasteignamati og brunabótamati á fasteigninni 01-0102 Nesvegi 100, Seltjarnarnesi (fastanúmer 223-4721).

Í kærubréfi segir:

“Vegna breytinga á brunabóta- og fasteignamati kærðum við niðurstöðu Fasteignamats Ríkisins 27. ágúst 2001. Barst svar frá FMR 20. desember 2001 þar sem stendur orðrétt í annarri málsgrein; “Skoðun á húseign yðar fór fram 13. júlí 2001 og var eign yðar metin til brunabótamats”. Eru ekki taldar forsendur til breytingar á brunabótamati samkvæmt bréfi þessu (Málsnúmer 2151/2001) en þar sem enginn lögbær fulltrúi FMR hefur skoðað eignina eftir að hún var endurnýjuð dreg ég í efa að hægt sé að styðjast við eldra mat. Þar af leiðinadi þarf að fara fram endurmat á eigninni.

Ofangreind eign hefur verið mikið endurbætt undanfarin 4 ár og var kaupverð eignarinnar tæplega 10 milljónir í september árið 2000. Það sem hefur verið endurnýjað undanfarin 4 ár er;

- 1) Allar raf- og pípulagnir hafa verið endurnýjaðar
- 2) Öll hurðagerekt eru sérsníðuð eftir gamla stílnum
- 3) Allt gler nýtt og einnig gluggapóstar
- 4) Maghony parket á öllum gólfum að undanskyldu baðherbergi
- 5) Eldhúsinnrétting er ný og er í kirsuberjavið
- 6) Nýjar flísar á baðherbergi, nýjar innréttingar, salerni og bað
- 7) Nýr stór fataskápur í hjónasvefnherbergi í kirsuberjavið (**bætt við í mars 2001**)
- 8) Allir ofnar sandblásnir og sprautaðir.”

Yfirfasteignamatsnefnd óskaði með bréfi dags. 21. febrúar 2001 eftir umsögn Fasteignamats ríkisins um framangreinda kæru. Umsögn af hálfu stofnunarinnar er dags. 7. maí 2002, en þar segir m.a.:

“Fasteignamat ríkisins tekur fram að ákvörðun Fasteignamats ríkisins frá 20. desember sl. byggðist á því að skoðun á húseigninni hafi farið fram 13. júlí 2001. Við nánari athugun vegna kæru þessarar kemur aftur á móti í ljós að skoðun fór fram 13. júlí 2000. Með vísan til þess og þeirra endurbóta sem lýst er í kærubréfi aðila leggur Fasteignamat ríkisins til að málið komi til ákvörðunar stofnunarinnar á ný og tekur fram að afgreiðslu málsins verður hraðað eins og kostur er.”

Niðurstaða

Komið hefur í ljós að upplýsingar sem byggt var á við hina kærðu ákvörðun Fasteignamats ríkisins voru ekki réttar. Samkvæmt því er málinu vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.

ÚRSKURÐARORÐ:

Málinu er vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.

Pétur Stefánsson

Guðný Björnsdóttir

Guðmundur Magnússon